



Viðskiptablaðið, 01.10.2025, síðu 2.
grein stærð: 523.85 sm²
grein hæð: 23.18 sm

Minna á mikilvægi mynda

Stafræna markaðsfyrirtækið Keeps var stofnað árið 2023 og sérhæfir sig í að einfalda efnisstjórnun gististaða. Keeps sér meðal annars um að halda utan um og uppfæra bæði myndir og upplýsingar fyrir hótél til að auka sölu og tryggja væntingastjórnun.

Helgi Steinar
Gunnlaugsson

helgi@vb.is

Guðrún Hildur Ragnarsdóttir er stofnandi og forstjóri nýs íslensks sprotafyrirtækis sem ber heitið Keeps. Hugmyndin á bak við fyrirtækið var að auðvelda sjálfvirka uppfærslu á myndum og efni hótela á bókunarsíðum til að auka sýnileika og efla bókunartíðni.

Fyrirtækið var stofnað árið 2023 en vegferðin hófst nokkrum árum áður þegar Guðrún, sem hafði þá starfað hjá Hertz, Expedia og Guide to Iceland, fór að sjá hversu tímafrekt það var að skrá allar upplýsingar fyrir hótél ásamt myndum og vörulýsingum.

„Mitt hlutverk hjá Expedia var að fá fleiri gistipjónustur til að skrá sig á síðunni en ég sá að það stoppaði allt á myndunum. Gistipjónustur vissu oft ekki hvar myndirnar voru. Sumar voru á Google, aðrar í Dropbox eða í fartölvu heima hjá fyrrum starfsmanni.“

Guðrún segir að þetta hafi tafið mjög fyrir skráningu og á endanum ákvað hún að mæta bara sjálf á staðinn til að taka myndir fyrir gistipjónusturnar. Hún segir að það hafi hjálpað



Guðrún Hildur segir fyrirtækið vera í miklum vexti en Rannveig Grétarsdóttir, eigandi Eldingar, settist í stjórn Keeps á dögunum.

VB MYND/PORGEIR ÓLAFSSON

Gervigreindin fylgir eftir

● Keeps notast einnig við gervigreind til að gera gististöðum auðveldara að halda utan um myndir, upplýsingar og texta sem birtast á sölusíðum eins og Booking.com, Expedia og TripAdvisor. Kerfið skrifar sjálfkrafa lýsingar á myndum, flokkar þær eftir innihaldi og býr til tilbúna texta fyrir samfélagsmiðla. Gervigreindin greinir jafnframt hvort það vanti efni eða mynd af til dæmis sundlaug eða veitingastað sem hótél segist bjóða upp á og veitir þá tilkynningar í samræmi við það.

hótélunum til muna, sérstaklega þar sem myndirnar sem Guðrún tók voru allar nýjar.

„Ef þú sem ferðapjónusta segist vera með eitthvað þá þarft þú að vera með mynd af því. Allir þeir sem bóka ferðalög vilja að það séu myndir til staðar. Þess vegna eru síður eins og TripAdvisor til en þar getur viðskiptavinur séð myndir og umsagnir til að sjá hvort hann sé að fá það sem hann pantar.“

Hún segir að myndirnar snúist líka um væntingastjórnun fyrir hótélina en þau vita sjálf að það mikilvægasta er að ganga úr skugga um að gestir og ferðamenn sjái hótélina fyrir það sem þau raunverulega eru.

„Segjum sem svo að þú sért að fara til Spánar. Þú vilt fara á hótél sem er með sundlaug, þráðlausa nettengingu og er nálægt strönd. Hjá Keeps getur þú síað þetta út og fengið að sjá

strax hvaða gististaðir uppfylla þínar kröfur.“

Keeps sér þá bæði um að halda utan um allar viðeigandi myndir og upplýsingar og deilir þeim einnig áfram á aðrar sölusíður. Guðrún segir þetta kerfi vera það eina sinnar tegundar í heiminum í dag en Keeps sér líka um að uppfæra árstíðabundnar myndir og upplýsingar.

„Við getum til dæmis uppfært kerfið þannig að lundamyndir sjáist yfir sumartímann og myndir af norðurljósum birtist yfir veturinn til að tryggja betur að gestir verði ekki fyrir vonbrigðum vegna þess að hótélina eru að selja meira en bara herbergi, þau eru að selja upplifun.“